

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Laugardalur – skólaþorp við Reykjaveg – USK24100252.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur, 3. febrúar 2026, breytingu á deiliskipulagi Laugardals vegna skólaþorps við Reykjaveg. Í breytingunni felst að áður skilgreindri lóð fyrir Ævintýraborg, tímabundið leikskólaúrræði Reykjavíkurborgar, er breytt í lóð fyrir skólaþorp, tímabundið grunnskólaúrræði Reykjavíkurborgar. Auk þess er lóðin stækkuð út fyrir mörk núverandi bílastæða og yfir aðliggjandi stíg, byggingarheimildir auknar og umferðarfyrirkomulagi breytt á bílastæðum milli Reykjavegar og Laugardalsvallar ásamt því að syðri innkeyrslu á stæðin frá Reykjavegi verður lokað. Aðgangsstýrðri aðkomu að bílaplani að sunnanverðu verður bætt við að svæðinu til að nota við stærri viðburði og eftir þörfum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 29. apríl 2026.

Brynjar Þór Jónasson.

B deild - Útgáfudagur: 29. apríl 2026